

## 10. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 10.1. 2023, kl. 13:30

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Halla Auðunardóttir, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri.

Samþykkt að taka inn á dagskrá fundarins bréf frá Helga Hallgrímssyni (verður 10. liður)

### Dagskrá:

1. Samningur um sameiginlega félagsþjónustu, síðari umræða
2. Skólasamningur, síðari umræða
3. Samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar
4. Samningur við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða um Strútsfoss
5. Svæðisáætlanir hringrásarhagkerfa. Greinargerð Austurland.
6. Fundargerðir:
  - a. 2. Verkfundur-Hengifoss-þjónustuhús 13.12.2022
  - b. 3. Verkfundur-Hengifoss-þjónustuhús 6.1.2022
  - c. Samfélagsnefnd 16.11.2022
  - d. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 14.12.2022
7. Brú yfir Kleifará
8. Endurgerð kúahlöðu á Langhúsum.
9. Skýrsla sveitarstjóra
10. Oddvitaskipti
11. Önnur mál:
  1. **Samningur um sameiginlega félagsþjónustu, síðari umræða**  
Samningurinn samþykktur samhljóða
  2. **Skólasamningur, síðari umræða**  
Samningurinn samþykktur samhljóða
  3. **Samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar**  
Samningurinn og fylgiskjöl samþykkt samhljóða

**4. Samningur við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða um Strútsfoss**

Verkefnið snýst um að bæta stíga, merkingar og áningarstadi á 4 km gönguleið frá Sturluflöt að Strútsfossi vegna vaxandi umferðar göngufólks að þessari náttúruperlu. Samningurinn samþykktur samhljóða

**5. Svæðisáætlanir hringrásarhagkerfa. Greinargerð Austurland**

Verkefnið hefur það markmið að efla og styrkja svæðisáætlanagerð sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs. Erindinu vísað til Umhverfis- og loftlagsnefndar.

**6. Fundargerðir**

**a. 2. Verkfundur-Hengifoss-þjónustuhús 13.12.2022**

Kynnt

**b. 3. Verkfundur-Hengifoss-þjónustuhús 6.1.2022**

Kynnt

**c. Samfélagsnefnd 16.11.2022**

Kynnt

**d. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 14.12.2022**

Kynnt

**7. Brú yfir Kleifaró**

Búið er að brúa Kleifaró og lagfæra slóða í Fjallaskarð. Í verkefnin fengust fjármunir úr styrkvegasjóði.

**8. Endurgerð kúahlöðu á Langhúsum**

Verkefnið er langt komið og stefnt á að það klárast á árinu.

**9. Skýrsla sveitarstjóra**

Vegna stöðunar eða drættinum í byggðarkjarna málinu á Hjarðarbóli hafði sveitarstjóra verið falið að skoða aðra möguleika á staðsetningu fyrir byggðina. Í kjölfar þess var sveitarstjóra falið að ganga til samninga við eigendur Hamborgar um landsvæði undir þéttbýliskjarna. Haft verði í huga það landsvæði sem TGJ mælti með í staðarvalsskýrslunni. Byggingarfulltrúi komi að því að afmarka svæðið.

Þjónustuhúsið við Hengifoss. Búið er að steypa allar einingar í húsið en ljóst er að óvarlegt er að reisa húsið þar til veðurfar batnar. Verði það reist í núna er hætt við að það skekkist þegar hlánar og því er betra að bíða. Töluverðar líkur eru því á að öllu verkinu seinki, en áætluð verklok á heildarverkinu voru 23. júní nk.

Svarbréf við 11. lið frá síðasta fundi samþykkt og verður sent viðkomandi í vikunni.

**10. Bréf frá Helga Hallgrímssyni**

Oddvita barst vandað og skemmtilegt bréf frá Helga Hallgrímssyni 3. janúar sl. Helgi fer í erindinu um víðan völl og kemur þar fram margt gagnlegt. Hann brýnir Fljótsdælinga hressilega til verka við endurbætur á gömlum hlöðnum húsum sem til eru víðsvegar í dalnum. Þetta tekur

sveitarstjórn mjög til sín og lofar bót og betrun. Sveitarstjóra falið að rita Helga Hall. bréf og gera grein fyrir því átaki sem sveitarfélagið hefur staðið fyrir við endurbætur á gömlum hlöðnum húsum síðustu árin.

**11. Oddvitaskipti**

Af persónulegum ástæðum hefur oddviti Jóhann F. Þórhallsson ákveðið að segja af sér embættinu. Samþykkt að Lárus taki við starfi oddvita og Jóhann við starfi varaoddvita. Samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins er kosið um stöðu oddvita og varaoddvita í júní á hvert.

Fráfarandi oddvita er þakkað fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins.

**12. Önnur mál:**

Samþykkt að endurnýja fundarstóla í fundarsal.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 16:30

Lárus ritaði fundargerð í tölvu